

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. janúar 2025

Tillaga velferðarráðs um að Virknihúsi verði falið að kanna möguleika á samstarfi við Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar

Lagt er til að Virknihúsi verði falið að kanna möguleika á samstarfi við Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar sem veitir menntunarstyrki til tekjulágra kvenna, oft einstæðra mæðra. Með það að markmiði að styðja við reykvískar konur sem þurfa samþættan stuðning til að geta nýtt sér menntunarstyrkinn.

Greinargerð

Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar veitir konum námsstyrki til fagnáms, starfsréttindanáms, framhaldsskólanáms og háskólanáms. Sjóðurinn fylgir málum eftir en í einhverjum tilvikum hefur skortur á samþættum stuðningi komið í veg fyrir að tekjulágar konur hafi getað nýtt sér stuðninginn. Með samstarfi Virknihúss og menntunarsjóðsins væri hægt að veita samþættan stuðning og eftirfylgni.